

9. gr.

Við veitingu styrkja í viðurkenningarskyni skal bæði stefnt að því að örva höfunda í starfi og veita viðurkenningu fyrir verk sem eru til afnota á söfnum þeim sem greind eru í 1. gr. laga nr. 33/1997 um Bókasafnssjóð höfunda.

10. gr.

Styrkjum skal úthluta með hliðsjón af útgefnum verkum höfunda frá síðustu árum og gildi þeirra fyrir íslenska menningu. Við úthlutun styrkja í viðurkenningaskyni skal m.a. hafa til hliðsjónar *Íslenska bókaskrá* sem Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn gefur út.

11. gr.

Stjórn Bókasafnssjóðs höfunda ákveður árlega upphæð þeirra styrkja sem veittir eru.

III. Almenn ákvæði.

12. gr.

Stjórn sjóðsins samþykkir úthlutun og undirritar hana.

13. gr.

Úthlutunar- og starfsreglur þessar eru settar á grundvelli 3. gr. reglugerðar nr. 203/1998 um Bókasafnssjóð höfunda og öðlast þegar gildi.

Samþykkt af stjórn Bókasafnssjóðs höfunda.

REGLUGERÐ**um gjöld fyrir embættisverk starfsmanna utanríkisþjónustunnar.**

1. gr.

Fyrir embættisverk starfsmanna utanríkisþjónustunnar skal greiða eftirfarandi gjöld:

	kr.
1. Fyrir endurrit eða ljósrit, hver síða	100
2. Fyrir áritun í vegabréf eða önnur persónuskilríki	1.200
3. Fyrir staðfestingu undirskriftar stjórnvalda og einstaklinga, hvert skjal	1.200
4. Fyrir aðrar staðfestingar	1.200
5. Fyrir útflutningsleyfi	1.200
6. Fyrir aðstoð við útvegum vottorða og yfirlýsinga frá opinberum stjórn- völdum eða öðrum á Íslandi eða erlendis	3.000
7. Fyrir millifærslu fjármuna til og frá útlöndum (neyðartilvik)	3.000
8. Fyrir þýðingu, hver síða	3.500
9. Fyrir aðstoð viðskiptaþjónustu utanríkisráðuneytisins eða aðra aðstoð starfsmanna utanríkisþjónustunnar samkvæmt skriflegum samningi, á klst.	4.000
10. Fyrir milligöngu um birtingu stefnu í einkamálum og greiðsluáskorunar fyrir aðila erlendis	5.000
11. Fyrir tilnefningu vegna móttöku stefna, dóma og tilkynninga fyrir hönd innlendra fyrirtækja og stofnana	10.000

12. Fyrir útgáfu diplómatiskra vegabréfa og þjónustuvegabréfa:	kr.
a. Fyrir 18-66 ára	4.600
b. Fyrir aðra	1.700
c. Fyrir skyndiútgáfu fyrir 18-66 ára	9.200
d. Fyrir skyndiútgáfu fyrir aðra	3.400

Gjöld samkvæmt 12. tölul. skulu ekki innheimt vegna útgáfu vegabréfa fyrir starfsmenn utanríkisþjónustunnar, maka þeirra og börn.

Fyrir útgáfu almennra vegabréfa og neyðarvegabréfa fer samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs hverju sinni, nú 14. gr. laga nr. 88/1991:

Fyrir útgáfu vegabréfa fyrir 18-66 ára:

	kr.
a. Almennt gjald	4.600
b. Fyrir skyndiútgáfu	9.200
c. Fyrir neyðarvegabréf	2.300
Fyrir útgáfu vegabréfa fyrir aðra:	
a. Almennt gjald	1.700
b. Fyrir skyndiútgáfu	3.400
c. Fyrir neyðarvegabréf	850

2. gr.

Auk þeirra gjalda sem tilgreind eru í 1. gr. skal greiða, eftir því sem við á, sendingarkostnað, birtingarkostnað og annan útlagðan kostnað samkvæmt reikningi.

Í sérstökum tilvikum getur utanríkisráðuneytið ákveðið lægri gjaldtöku en samkvæmt 1.-11. tölul. 1. gr.

3. gr.

Gjöld þau sem innheimt eru samkvæmt reglugerð þessari renna í ríkissjóð, nema þau gjöld sem kjöræðismenn innheimta samkvæmt 1.-11. tölul. 1. gr. og fyrir neyðarvegabréf, en þau renna til þeirra sjálfra. Gjöldin ber að greiða í mynt hlutaðeigandi ríkis, nema utanríkisráðuneytið ákveði annað, í samræmi við skráð gengi Seðlabanka Íslands á útgáfudegi reglugerðarinnar. Við útreikninginn er heimilt að námunda upphæðina. Upphæð gjalds skal rituð á viðkomandi skjal ef við á. Gefa skal út kvittun fyrir gjöldunum.

4. gr.

Reglugerð þessi skal vera fáanleg í utanríkisráðuneytinu, íslenskum sendiráðum, fastanefndum og ræðisskrifstofum. Hún skal þýdd á ensku og skal færa gjöldin í Bandaríkjadöllum í þýðingunni.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 17. gr. laga nr. 39/1971 um utanríkisþjónustu Íslands, sbr. 1. gr. laga um vegabréf nr. 136/1998, og öðlast hún gildi 1. júní 1999. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 562/1993 um gjöld fyrir embættisverk fulltrúa í utanríkisþjónustunni.

Utanríkisráðuneytinu, 25. maí 1999.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.